

Nd.

346. Ágreiningsátt

um frumvarp til laga um mardrepani aukabað á sauðfje.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

Það er nú fyrir löngu orðin alkunna, að uppræting fjárkláðans mistókst með öllu hjer um árið, þá er Myklestad var til fenginn að standa fyrir henni. Lágu þar til þær orsakir, að maðurinn hafði eigi fylgst nógu vel með í fræðigreini sinni og gerði því það glappaskot, að baða eigi nema einu sinni. Raunar er sagt að hann hafi tvíbaðað *grunað* fje, en allar sönnur vantar að færa á það, að eigi hafi margt sjúkt fje sloppið við þann grun. Eg veit að meiri hluti nefndarinnar hefir engan grun um, hversu veik ástæða það er að vitna í þessa reynslu, því að kák sannar ekkert um, hvað fært sje að gera eða ekki. Hitt mun rjett vera, að bændur komist í nánari kynni við maurinn, ef þeir fá að umgangast hann öldum saman, heldur en ef hann verður aldauda. Það má og vera að meiri æfing fáist *»með því, að ella hann uppi, hvar sem hann gerir vart við sig«*, en það hygg jeg að verði hlaup en lítið kaup. — Öll slik hlaup spara menn sjer, ef einu sinni er tvíbaðað kláðabaði. Engin hætta er á því að þetta mistakist, ef baðað er um miðs- vetrarskeið, því að þá er alt fje við hús og auðvelt eftirlit með því, að alt fje sje baðað. Færi nú þar að auki böðunin fram undir eftirliti þriggja innlendra dýralækna, sem þekkja menn og búnaðarhætti nákvæmlega, þá er alls ekkert að óttast, og má fullkomlega búast við að með þessu verði ljett af með öllu þessari dýru og gömlu landplágu.

Kostnaður er naumast umtalsverður, baðefni 3½ eyrir í kindina og segjum 1 eyrir í eftirlit, eða allur kostnaður innan við 30000 kr. Og þenna sama kostnað hefir Alþingi lagt á bændur landsins með lögum, á hverju ári. Borgi það sig til ullarbóta, þá ætti það að borga sig fyrir landið að kosta því til í eitt skifti, til þess að útrýma kláðanum að fullu. En auðvitað yrði þá að gæta þess vel síðan, að menn flytti eigi sjúkt fje inn í landið af nýjungagirni og heimsklegum hugarburði um gróða.

Meiri hlutinn fjölyrðir mjög um útbreiðslu kláðans og þykir hún ekki geigvænleg. En hún er þó svo mikil að full ástæða er að taka í taumana, og auk þess mega menn vita það með vissu, að hann er miklu víðar. Og litinn búhnykk tel jeg að biða eftir meiri útbreiðslu. Þarf engi rök að leiða að því.

Jeg hirði eigi að eltast við álit meiri hlutans orð fyrir orð eða eða rita lengra mál um þetta. En jeg læt fylgja ritgerð eftir Magnús dýralækni Einarsson, þar sem full rök eru leidd að því, að skoðun mín í þessu efni sje rjett.

Jeg legg til að deildin samþykki frumvarpið með þeim breytingum, sem jeg mun flytja á sjerstöku þingskjali.

Fylgiskjal.

I.

Það er nú orðið langt um liðið síðan jeg hefi tekið nokkurn opinberan þátt í umræðunum um fjárkláðamálið, enda var mjer um tíma af lög-gjöfunum skákað burt af þeim viggvelli. Ekki er þó svo að skilja, að jeg hafi ekki fylgst nokkurn veginn með því, sem gerst hefir, og enginn skyldi halda að það hafi alt farið fram eftir þeim reglum, sem frá mínu sjónarmiði væru óaðfínnanlegar; síður en svo. Að jeg þó hefi látið málið afskiftalaust, kemur af því eingöngu, að jeg vildi ekki, eftir að búíð var að taka fasta ákvörðun um útrýmingaraðferðina og fela herra Ó. Myklestad framkvæmdina eftir þeim kenningum, er hann hefir haldið fram, gera neitt það eða segja, sem orðið gæti til þess að draga úr áhuga manna, meðan á útrýmingartilrauninni stóð, og þar með verða þess beinlínis eða óbeinlínis valdandi, að árangurinn yrði óðruvisi og verri en til var ætlast.

Nú er útsjéð um þessa tilraun og því með öllu skaðlaust að athuga hana nokkru nánar. Og þar sem hún hefir mót von þeirra, er til hennar stofnuðu og eflaust margra fleiri, gefið miður góðan árangur, er nauðsynlegt að gera sjer grein fyrir því, hvað um veldur, hvort heldur slæugar framkvæmdir eingöngu, eða illar ráðstafanir eða hvorttveggja. Því fremur ber nauðsyn til þessa nú sem flestir munu þeirrar skoðunar, að ekki sje vansalaust nje gerlegt að láta lenda við þau málalok, sem nú eru, og því sjálfsgat að fjárkláðamálið komi til kasta lögjafanna á þinginu, sem í hönd fer. Jeg vil því nota tækifærið nú fyrir þingið til að gefa þær upplýsingar, er jeg veit sannastar, og geri jeg það í því trausti, að þingið 1911 meti nokkru meira orð mín og tillögur en þingið 1903 gerði. Stend jeg og þeim mun betur að vigi nú sem þær kenningar, er ofan á urðu þá og gagnstæðar voru mínum, hafa ekki leitt til þess, sem þeim var trúað til að gera, og það þrátt fyrir stakan áhuga og annálaða samvísusemi framkvæmdarstjórans og henni samfara traust allflestra landsmanna á honum, traust sem undir rann meðal annars sú máttarstöð, að maðurinn var ekki hjerlendur, heldur útlendingur.

Saga útrýmingartilraunarinnar, sem fram fór samkvæmt lögum 13. nóv. 1903, er flestum kunn og í fersku minni. Hjer skal þess að eins getið, að í Austuramtinu og Norðuramtinu, milli Breiðamerkursands og Hjeradsvatna, fór böðun fram veturinn 1903—1904, en í hinum hluta landsins veturinn eftir 1904—1905.

Framkvæmdarstjórinn, hr. Myklestad, kom hingað til landsins í desbr. 1902 og rannsakaði kláða og baðaði fje í Eyjafirði veturinn 1902—1903. Hjeðan af landi fór hann alfarinn í júlí 1906.

Eftir skýrslum hr. Myklestads í Búnaðarritinu og víðar kom kláðinn upp *eftir* útrýmingarbaðanirnar fyrst í Þingeyjarsýslu, á þrem bæjum vorið 1904. Frá því í október 1905 til 10. apríl 1906 segir hann að kláði hafi fundist á 5 bæjum í Eyjafjarðarsýslu, 3 bæjum í Skagafjarðarsýslu, 2 bæjum í Húnavatnssýslu, 5 bæjum í Strandasýslu og 1 bæ í Kjósarsýslu. Vorið 1906 var magnaður kláði í Strandasýslu, einkum á þrem bæjum, Hafnarhólmi, Gautshamri og Kleifum. Þá fanst og kláði í Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu, er við rannsókn hr. Myklestads reyndist að vera nagmaurakláði (dermatopha-

guskl.) Kláðamaur þenna kallaði O. M. »fjelagsmaur«; er það gamalt nafn og úreitt. Í ritgerð minni um fjárkláða, í Búnaðarritinu 1897, nefni jeg hann »nagmaur« og er það rjetta nafnið.

Síðan hr. Myklestad fór hjeðan, hefi jeg haft tækifæri til að sjá flest eða öll brjef til Stjórnarráðsins viðvikjandi fjárkláða og er mjer kunnugt um að á síðustu árum hefir kláðinn komið upp í flestum sýslum landsins.

Í *Rangárvallasýslu* fanst kláði í fje í Ásahreppi árið 1909. Að það hafi verið reglulegur fjárkláði, er vafalaust, því að jeg hefi sjálfur skoðað maura þaðan.

Árnessýsla logaði svo að segja öll í kláða vorið 1909. Þá fanst kláði í öllum sveitum milli Þjórsár og Hvitár, nema Gnúpverjabreppi. Jeg sá maura þaðan úr 2 eða 3 hreppum.

Gullbringu- og Kjósarsýsla. Vorið 1907 fann jeg kláða á 3 lambhrútum frá Stardal. Það var 14. júní, löngu eftir að búíð var að sleppa fje. Þessir þrir hrútar höfðu staðið í kofa með fleiri hrútum um veturinn og hafa þeir eflaust haft kláðann líka, en þrátt fyrir gagngerða leit fundust ekki allir hrútarnir.

Síðastliðið vor 25. júní var mjer af hendingu sýndur gemlingur á Lágafelli í Mosfellssveit, sem var útsteypur í kláða.

Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. Vorið 1909 fanst kláði í Þingnesi, Bæ, Múlakoti og Eyri í Flókadal, á nokkrum kindum á hverjum bæ. Í vor (1910) fanst hann á Hæli, Árdal, Sólheimatungu og Grund í Skorradal. Var þó baðað haustið 1909 alstaðar í sýslunni úr Coopers dufti.

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Árið 1907 var talsvert um kláða á Skógarströndinni og í janúar 1910 fanst kláði á Hólmlátri og Emmubergi í Skógarstrandarhreppi. Sá jeg sjálfur kláðamaur þaðan.

Í *Dalassýslu* fanst kláði í apríl 1907 á Gunnarsstöðum. Voru mjer sendir maurar þaðan til athugunar. Ennfremur vor og haust 1910.

Barðastrandarsýsla. Þar kom upp kláði á Skálanesi í Gufudalshreppi í júní 1910. Þá fanst hann og á 2 bæjum í Geiradal. En þaðan hafði Skálaneskindin verið.

Ísafjarðarsýsla. Í febrúar 1908 fanst kláði á Dvergasteini í Álftafirði og í desember s. á. á Skarði í Snæfjallahreppi.

Í *Húnavatnssýslu* fanst kláði í júní 1909 á Þorfinnsstöðum og 1910 fanst hann (í maí og júní) á 4 bæjum, að minsta kosti, í ytri og fremri Torfustaðahreppi og 1 bæ í Sveinstaðahreppi.

Skagafjarðarsýsla. Í maí 1908 var kláði í Kjartansstaðakoti og í mars 1910 á Ási í Hegranesi.

Eyjafjarðarsýsla. Í apríl 1910 fanst kláði í Litladal.

Þingeyjarsýsla. Vorið 1907 var kláði á Eystralandi í Axarfirði, Ytri-Brekkum á Langanesi og Laxárdal í Þistilfirði.

Í *Suðurmúlasýslu* fanst kláði í júní 1910 á kind frá Mýrnesi í Eiðahreppi. Maur var sendur hingað suður og sá jeg hann.

Það eru þá að eins fjórar sýslur, þar sem ekki er kunnugt um að kláði hafi komið upp síðustu 3—4 árin sem sje Strandassýsla, Norðurmúlasýsla, Skaftafellssýsla og Vestmanneyjar. Í Strandassýslu hefir þó kláði komið upp eftir böðunina, veturinn 1905—'06, enda ólíklegt að hún sje kláðalaus,

þegar kláði er í öllum nágrannasýslunum. Norðurmúlasýsla er í mesta máta grunsöm sökum fjársamgangna við Suðurmúlasýslu, enda minnir mig að Mýrneskindin væri aðfengin úr Norðurmúlasýslu. Í Skaftafellssýslu vissi jeg til að kláði fanst áður en það var 1904—'05, því jeg sá maur þaðan, og þá er hann þar eflaust enn, þótt lítið beri á. Vestmanneyjar veit jeg ekki um, en grunsamar hljóta þær að vera, ef kláði hefir fundist þar áður, en það vill hr. Myklestad fullyrða.

Ef borið er saman ástandið nú og fyrir útrýmingarböðunina 1903—'05, getur manni ekki dulist, að munurinn er ekki ýkjamikill. Að visu ber enn þá ekki eins mikið á kláðanum yfirleitt eins og þá, en hann er enn til svo að segja alstaðar sem hann var áður. Útrýmingartilraunin hefir að því er virðist, hvergi útrýmt kláðanum, en nokkuð hefir dregið úr honum í bili. Eftir nokkur ár hjer frá yrði hann eflaust svipaður því, sem hann áður var, ef engar sjerstakar ráðstafanir yrðu gerðar. Og þegar þess er gætt, að allar ráðstafanirnar samkvæmt lögum 13. nóv. 1903 voru ekki ætlaðar til þess að minka eða draga úr fjárkláðanum, heldur til að útrýma honum, þá er það bert, að þær hafa mistekist herfilega.

Ekki vil jeg þó segja að öllum þeim þúsundum króna, sem varið var til þeirra úr landssjóði og frá fjáreigendum, hafi verið eytt gersamlega til einkis, því að nokkurt gagn hefir að þeim orðið. Baðanirnar hafa sparað bændum það árið útgjöld fyrir nauðsynlegt þrifabað, sem þeir annars hefðu orðið að greiða úr eigin vösum. Svo hafa menn fengið æfingu í að baða fje, æfing, er koma mætti að notum við næstu tilraun, ef hennar yrði ekki lengi að biða; og loks er þess að gæta, að óerfiðara ætti að vera að útrýma kláðanum, meðan hann magnast ekki aftur að mun. Að einu leyti er þó ver farið en heima setið, og á jeg þá ekki við kostnaðinn og útgjöld landssjóðsins, sem vitanlega öllum, nema ef til vill fjáreigendum, sviður afar sárt, heldur hitt, að mishepnuð tilraun hefir ætíð ill áhrif á hugi manna að því er snertir von um að losna við ófögnuðinn, og eðlilega því verri sem menn voru trúaðri á tilraunina og þá menn, er fyrir henni stóðu.

En jeg skal strax taka það fram, að tilraunin 1903—'05 sannar ekkert í þá átt, að eigi sje vinnandi vegur að losna við fjárkláðann, útrýma honum með öllu.

Henni var sem sje hagað á þann veg, að menn, sem þekkja kláðasýkina til hlýtar, hlutu að sjá það fyrirfram, að hún leiddi ekki til annars en þess, sem nú er komið á daginn; þó hún væri kölluð *útrýmingartilraun*, var hún ekki annað en kák í stórum stil. Og þó menn vildu ekki trúa mjer, er jeg sagði þeim þetta fyrir 1903, þá vona jeg að menn geri það nú; en óneitanlega hefði það verið heppilegra fyrir landssjóðinn, að kláðaforsprakkarnir 1903 hefðu verið ögn varkárari og tekið nokkru meira tillit til fagþekkingarinnar, en þeir gerðu, og segi jeg það ekki af því mjer sje málið skylt; jeg fór sem sje ekki með neina visku, er jeg sjálfur hafði fundið upp, heldur það sem alment er viðurkent meðal dýralækna um allan heim.

Jeg veit satt að segja ekki hvað hugsa skal, þegar fulltrúar þjóðarinnar kasta hundruðum þúsunda króna úr litlum sjóði, til fyrirtækis, sem að dómi allra þeirra, er sjerþekkingu hafa, er byggt á röngum grundvallaratriðum og kjósa þann kostinn að fara eftir tillögum eins manns, sem gersamlega

ganga í berhögg við alla hina, og þessi eini er í því hinum frábrugðinn, að hann vantar sjerþekkinguna í þeim efnum, sem um er að ræða.

Hjer getur naumast verið öðru til að dreifa, en hinni alkunnu íslensku trú á alt fúsk, trú á það, að menn, sem ólærðir eru í einhverri grein, geti eigi aðeins eins vel sagt fyrir og unnið að starfi og sá, sem lært hefir til verksins, heldur jafnvel mun betur, af því að hann hafi það fram yfir, að hann sje fæddur með ákveðnum hæfileikum, er hinn kunni að vanta. Þessi trú og þá um leið vantrúin á sjerfræðingana, er því miður altof almenn enn, þótt í rjenun sje, og verst verða þeir sjerfræðingar úti, sem lært hafa og gert að lifsstarfi sínu hjer á landi þau verk, sem almenningur hefir til skamms tíma orðið að hjálpa sjer með sjálfur. Fólk telur þá aðeins »bóklærða« og trúir því, að »bókvitið verði ekki látið í askana«. Mætti t. d. hjer benda á, að það er margur mörlandinn, sem telur sig jafnfæran verkfræðingnum í að segja fyrir um veggjahleðslu og dýralækninum í að fást við dýrasjúkdóma. En hvað sem almenningi líður, ætti það að vera skylda löggjafanna, að meta ekki meira orð og tillögur fúskara en fagmanna, og í öllu falli ekki hrapa að því, að taka það gilt hjá hinum fyrnefndu, sem hinir síðarnefndu í einu hljóði telja rangt.

Peir munu nú vera til, og það fleiri en færri, sem segja að hr. O. Myklestad muni sist manna eiga fúskara-nafnið skilið, þegar um fjárkláða er að ræða, því að ekki er langt síðan, að merkur maður taldi hann hafa meiri verklega reynslu í þessu máli, en nokkurn annan mann. Þetta má vel vera; en jeg vil sist þræta við þá, sem telja það eitt nægilegt, til að vera fagmaður í kláðalækningum, að hafa fengist við þaðanir eða hafa stjórnað þeim um nokkra áratugi. Að hafa verið duglegur og samviskusamur um framkvæmdir á böðunum er ekki nóg til þess, að geta sagt fyrir um lækningu kláðans; til þess þarf maður að þekkja sýkina til fulls, þekkja lif og lifsskilyrði kláðamaursins. En það er bersýnilegt, að þá þekkingu hefir hr. Myklestad ekki, því að alls ekki er ráð fyrir því gerandi, að hann hafi ekki farið eftir því, sem hann vissi sannast og rjettast. Og því hefir nú farið sem fór. Að ekki hefir farið eins í Noregi, þar sem hr. Myklestad stóð fyrir framkvæmdum, kemur bersýnilega af því, að hann hefir ekki ráðið grundvallaratriðunum fyrir lækningunni þar í landi. Það hefir gert maður eða menn, sem hafa haft nákvæmari þekkingu á kláðanum, enda sjest af reglum þeim, sem prentaðar eru í ritgerð hr. O. M. um útrýming fjárkláðans í Noregi í 15. árg. Búnaðarritsins, að »aðalforstöðumaður dýralækninganna« muni hafa haft hönd í bagga með.

Aðferðin við útrýming fjárkláðans í Noregi *hlýtur* að hafa verið í *verulegum* atriðum öðruvisi en hjer. Á bls. 64 í nefndri ritgerð getur hr. Myklestad þess, að sauðfje í Noregi hafi verið klipt fyrir baðið og er það alls ekki óverulegt atriði, því að þótt ekki væri annað, er ólíkt hægara að finna kláða á kliptum kindum en alulluðum, og þá ekki sist, þegar ullin er komin öll í flóka eftir baðið. Hefði slíkt verið gert hjer, mundi sjaldnar hafa komið fyrir, að kindur findust með kláða *eftir* að búíð var að sleppa fje að vorinu. Þessa get jeg ekki beint af því, að jeg telji það óhjákvæmilegt, að klippa fjeð fyrir þaðanir, heldur til þess að benda á, að ráðstafanirnar hjer voru *ekki* að öllu leyti eins og í Noregi; og úr því að ekki var klipt, var einni ástæðunni fleira til þess, að **hafa alt fje tvennum böðum með nokkurra daga millibili.**

En í því er skadlegasta villa hr. Myklestads fölgín, að hann taldi eitt það nægja til þess, að lækna kláða á »grunuðu« fje.

Önnur villa hans er sú, að hann sagði kláðamaurinn ekki getað lifað lengur en 6 daga frá því hann var á kindinni, nema á gærum alt að 14 dögum; og þar af leiðandi væri »það fullnægjandi hreinsun á fjárhúsum, að láta þau standa auð í 8 daga, þannig að engin sauðkind komi í þau«.

Auðvitað er margt fleira athugavert í kenningum herra Myklestads; en þessar tvær villur, einkum hin fyrri, eru svo þungar á metunum, að óefað má kenna þeim einum út af fyrir sig um allar ófarirnar, enda vil jeg fullyrða, að allar kláðaútrýmingartilraunir, sem bygðar eru á slíkum fjarstæðum, hljóta að mishepnast, og það þótt fyrir tilraununum stæði bæði duglegur og samviskusamur maður.

Í þessum efnum, sem öðrum, riður ætíð mest á því, að »undirstaðan rjett sje fundin«.

Herra Myklestad viðurkennir fyllilega, enda kemur það alstaðar ljóst fram hjá honum, að *sauðfje með kláða þurfi að baða tvisvar sinnum með nokkurra (1—8) daga millibili*, enda mun það hafa verið gert við allar þær kindur, sem menn voru svo hepnir að finna kláða á um leið og baðað var. En »þegar enginn kláði getur fundist á sauðkindum« (sem auðvitað getur komið af því, að sá er leitar er trassi eða klaufi eða hvortveggja) *»en grunur getur verið á því, að maurar leynist á þeim, er nóg að baða kindina einusinni, ef það er gert rækilega«*, segir hr. Myklestad.

Það ætti nú ekki, að þurfa mikinn kláðalærdóm til þess að sjá og skilja það, að svo framarlega, sem tvenn böð eru nauðsynleg til þess, að lækna þær kindur, sem kláðamaur finst á, þá þarf að sjálfsgöðu líka tvenn böð til þess, að lækna þær kindur, sem vjer teljum vist, að kláðamaur sje í, þótt ekki finnist maurinn í snöggu bragði. Sjeu engir kláðamaurar á kindinni, þarf ekkert kláðabað. Og því að eins hefir alt fje verið baðað hjer á landi, að það var grunað, grunað um að vera með kláða, grunað um að vera í því ástandi, sem bæði hr. Myklestad og öllum öðrum kláðafræðingum kemur saman um, að það verði ekki leyst úr, nema með því, að baða það tvennum böðum með ákveðnu millibili.

Jeg verð að segja það, að varla verða ofsögur sagðar um lægni hr. O. M. í því að koma mönnum á sitt mál; á það bendir það atvik, að honum skyldi takast að telja Íslendingum trú um, að »eitt það væri nægilegt fyrir grunað fje, en að tvær baðanir þurfi við sauðfje með kláða«.* Mjer þykir ólíklegt, að nokkurum öðrum núlifandi manni hefði tekist að fá 40 meðalheimska menn til þess að trúa þessu, nema »grunaða« fjeð væri grunað um einhvern þremilinn alls annars eðlis en kláða. Og hver mun þá ekki dást að þeirri lægni, að geta fengið alt að 40 alþingismenn til þess, að ganga inn á þessa auðsæju hugsunarvillu, og taka hana gilda sem grundvallarsetningu fyrir kláðaútrýmingunni, dýrasta fyrirtækinu, sem landssjóður til þess tíma hafði nokkurn tíma ráðist í.

Jeg býst við að þeim sje farið að fækka nú, sem voru svo heillaðir af hr. Myklestad, að þeir sáu ekkert misjafnt í fari hans sem framkvæmdar-

*) Sjá Búnaðarrit 15. ár, bls. 68.

stjóra, enda ætti kórvilla hans úr þessu að vera hverjum manni auðsæ, þeim er getur dregið rjetta ályktun, hvort sem hann er kláðafróður eða ekki; til þess þarf ekkert annað en heilbrigða skynsemi. Hin villan, er jeg nefndi, er aftur á móti þess eðlis, að allir geta ekki um hana dæmt.

Í ritgerð þeirri, er jeg áður hefi nefnt, í 15. árg. Búnaðarritsins (1901), segir hr. Myklestad á bls. 66: »Í gærum geta þeir (maurarnir) lifað *alt að því 14 daga*,* en annarsstaðar hefi jeg aldrei sjeð lífsmerki með þeim eftir að liðnir hafa verið *6 dagar** frá því, er þeir voru á sauðkindinni«. En í 24. nr. Lögrjettu 1906 rankar hann við því, að í *gærum* geti þeir lifað lengur; þar segir hann svo: »Á skinni, sem við Schou rannsökuðum, voru *eftir 14 daga allir maurarnir lifandi; eftir 3 vikur voru enn nokkrir þeirra lifandi*;* en svo máttfarnir, að þeir gátu ekki hreyft sig. Eftir 4 vikur voru þeir allir dauðir«. — Það var á fyrstu kláðaárum hr. Myklestads, að hann var með Schou dýralækni og þeir gerðu þessa athugun. Síðan hefir annaðhvort maurunum farið aftur í lífseigju á gærum eða hr. Myklestad í að athuga. En annars var það sjerlega meinlegt, að hr. O. M. skyldi ekki muna eftir þessari rannsókn þeirra Schou, þegar verið var að leggja grundvöllinn undir kláðaútrýminguna.

Það mun að vonum flestum þykja ótrúlegt, að hr. O. M. eftir 40 ára starf við kláða og kláðamaura viti ekki, hve lengi maurarnir geti lifað utan kindar, en hversu mikið sje að marka þá fullyrðing hans, að maurarnir lifi ekki nema 6 — sex — daga utan kindarinnar, má ráða af athugun þeirri, er jeg gerði 1907.

Það ár, þann 14. júní, fór jeg eftir skipun Stjórnarráðsins upp að Stardal til þess að athuga hvort kláði væri þar á hrútum, sem grunsamir þóttu. Það reyndist svo, og tók jeg þá (um miðjan dag) maur af einum hrútnum og lét einan sjer í hreint og þurt pappirsblað, braut saman og geymdi. — Í annað blað lét jeg ofurlítinn skorpulausan ullarlagð með maurum í og tók með mjer. Þegar jeg kom heim, lagði jeg bæði blöðin með því sem í var á skrifborð mitt, og athugaði jeg svo daglega (um miðjan dag) þann maurinn, sem einn var sjer í blaði. Þessi maur var lifandi, hreyfði sig töluvert greinilega, 2. júlí, en daginn eftir, 3. júlí, sá jeg engar hreyfingar og taldi hann dauðan. Hafði hann þá lifað *fulla 18 daga* utan kindarinnar, næringarlaus í skraufpurru blaði.

Nú tók jeg hitt blaðið með ullarlagðinum og athugaði; var þar þá krökt af vel lifandi maurum, og skoðaði jeg þá daglega næstu daga; voru þeir vel frískir að sjá 9. júlí, en sökum forfalla gat jeg ekki veitt þeim eftirtekt úr því fyr en 16. júlí, og gat jeg þá ekkert lífsmark fundið með þeim. Í ullarlagðinum lifðu maurarnir fyrir vist *að minsta kosti 25 daga*, og eitthvað lengur.

Þetta kemur vel heim við það, sem kent er í fræðibókunum, og jeg hefi skýrt frá í ritgerð um fjárkláðann. Þar er sagt, að í þurru geti maurar lifað 2—3 vikur, en í raka (saur) geti þeir lifað miklu lengur, sem sje 6—8 vikur.

Samskonar athuganir hefi jeg oftast gert og ætíð komist að sömu eða líkri niðurstöðu, og vilji einhver rengja orð mín, er hægðarleikur að fá sjer maur og stækkunargler og athuga sjálfur. Auðvitað verður stækkunarglerið að vera gott, ef ganga á úr skugga um, að maurinn sje með öllu hættur að

*) Leturbreytingin mín.

hreyfa sig, en á 6.—8. degi eru að öllum jafnaði hreyfingarnar svo greinilegar, að ekki verður um vilst, svo það ætti í öllu falli að geta orðið hverjum manni ljóst, að maur getur lifað lengur en sex daga utan kindar, og það þótt ekki sje á gærum. Og þá munu menn nú sjá, hve mikið vit sje í, að telja fjárhúsin örugg eftir 8 daga án þess að nokkuð sje við þau gert; og hvílik heimska það var, að sleppa mönnum við að moka út úr þeim 2—3 þuml. skán og sópa vegg og garða, ef engin kind hafði komið í húsið í 8 daga.

Þá mun það og ljóst af því, sem hjer hefir verið sagt, hve djúpsett kláðapekking hr. Myklestads hefir verið, að því er snertir lif og lífsskilyrði kláðamaursins, það atriðið, sem sá verður um fram alt að þekkja, er segja á fyrir um lækningu kláðans og útrýming — og finst mönnum nú ekki fara vel á því fyrir oss Íslendinga, að hælást yfir því, eins og gert var í »Norðurlandi« 1909, að »útlærðir dýralæknar urðu að beygja sig fyrir þekkingu hans á kláðamaurnum«!?

II.

Orsök kláðans eru maurar og eru þeir þrenskonar, sem valdið geta kláða á fje:

1. Grafmaurinn (*sarcoptes ovis*).
2. Nagmaurinn (*dermatophagus ovis*) og
3. Sogmaurinn (*dermatocoptes ovis*).

Grafmaurinn er minstur ($1/5$ — $1/2$ mm.) og tekur nafn af því að hann grefur sjer ganga niðri í húðinni og lifir þar. Hann heldur sig nær eingöngu í höfðinu á sauðfje og veldur *höfuðkláða*, en óþektur er hann hjer á landi að því er jeg best veit. Samskonar maur veldur mannakláða — *Sarcoptes scabiei hominis*.

Nagmaurinn er ögn stærri ($3/10$ — $1/2$ mm) og nefnist svo af því að hann nagar yfirborð húðarinnar. Hann heldur sig aðallega á fótunum, veldur *fótakláða*, en færast þó stundum upp á kviðinn. Er til hjer á landi (fjelagsmaur Myklestads), en sjaldgæfur mun hann vera, og fjenu ekki hættulegur.

Sogmaurinn er stærstur ($1/2$ — $4/5$ mm) og hefst við eins og nagmaurinn á yfirborði húðarinnar, helst þar sem kindin er loðnust, og lifir af blóði og blóðvatni, er hann sýgur úr húðinni með munntólum sínum, sem bæði eru löng og hvöss. Þessi tegund veldur hinum vanalega fjárkláða og er því maurinn alment nefndur *fjárkláðamaurinn* eða að eins *kláðamaurinn*.

Allar þessar þrjár tegundir eru hver annari ólíkar og auðvelt að þekkja þær að í smásjá.

Í þessu sambandi get jeg ekki leitt hjá mjer að minnast á grein eftir kláðafræðinginn Myklestad í 28. nr. »Norðra« 1906; segir hann þar: *Dermatocoptes*, eða sem þessi maurategund líka er kölluð *Dermatodectes*, er *hin einasta, sem menn víta að geti sest á fje og unnið því skaða*.* Geitur geta að visu fært *Sarcoptes-maur* gfir á sauðfje, en vilji það til, deyr fjeð innan skamms.*

Þegar hr. Myklestad skrifaði þetta, var hann nýbúinn að finna »fjelagsmaurinn« og nýbúinn að gleyma honum aftur, því að ekki mun hann fá neinn mann til að trúá því, að sá maur sje að ósekju á fjenu eða geti ekki unnið því skaða. Og að *Sarcoptesmaurinn* sje ósáknæmur fjenu, kemur ekki

*) Leturbreytingin mín.

sem best heim við það, að fjeð deyr innan skamms eftir að sá maur er kominn á það! — Ef það hefði ekki verið siður hjer á landi að taka allar kenningar hr. Myklestads trúanlegar í blindni, er jeg hræddur um að þessi og ýmsar aðrar hefðu sest sumum áhangendum hans fyrir brjóstið — í öllu falli hinum vitmeiri. En aamt er að sjá slíkar auðsæar vitleysur fluttar í alvöru í isl. blöðum og vita að þeim sje trúað af íslenskum lesendum.

Kláðamaurinn er afarfrjósamur, líkt og á sjer stað um mörg lík lægri dýr. Kvenmaurarnir, sem ávalt eru stærri og fleiri en karlmaurarnir, eiga 20—24 egg hver, og ungast þau út á 4—7 dögum við hitann úr húðinni. Utan um eggin er skurn úr ákaflega þjettu og haldgóðu efni (chitin), sem þolir sjerlega vel áhrif allra hinna venjulegu baðlyfja, og geymir ágætlega ungangs, sem innan í er. Úr því ungin er kominn út úr egginu, líða 14—17 dagar, þangað til hann er orðinn fullþroskaður og fær að auka kyn sitt.

Á hverri kláðakind er ávalt mesti sægur af maurum og mauraeggjum og varla er það hugsanlegt að nokkur sú kind, sem maur er á og það þótt maurinn sje nýskriðinn á hana, sje eggjalaus, því að frjósemin er ákafleg og eggjaviðkoman afar-ör. *Hver kind, sem grunuð er um að hafa á sjer kláðamaur, verður því um leið grunsöm að því er snertir maura-egg.* — Um lifseigju mauraanna utan kindar er áður getið, en um eggin er það að segja, að þau geta haldið sjer 2—3 vikur og ef til vill stundum miklu lengur í raka, en að eins vikutíma í þerri.

Til þess að lækna kláðakind þarf að losa hana við alla þá maura og mauraegg, sem á henni eru. Þá batna hrúður og sár af sjálfu sjer. Verði svo sjeð um að á hana berist ekki nýir maurar eða ný egg, fær hún aldrei kláða frammar. Með baðlyfjunum reynum vjer að drepa maurana á fjeðu, en með hreinsun húsanna og einangrun fjárens er reynt að koma í veg fyrir að fjeð sýkist að nýjn.

Ef jafn hægt væri að drepa maura og egg á kindinni, þyrfti ekki nema eitt gott bað, því að það vita menn að drepa má með einu baði alla þá maura sem á kindinni eru, þegar hún er böðuð. En því miður eru eggin verri viðfangs og kemur það af því, að baðefnið kemst ekki gegn um eggjaskurnið inn til ungangs, nema ef til vill á elstu eggjunum, sem komin eru svo langt að ungin fer að skriða út og skurnið er því farið að bila. Úr vanalegu kláðabaði, sem drepur alla maurana, komast því flest eggin lífs af og halda áfram að vera á kindinni þangað til þau ungast út. Til þess ganga eftir því sem áður er sagt 4—7 dagar og eftir þann tíma er því kindin, sem virtist alveg heilbrigð rjett eftir baðið, orðin aftur krök. Þá líða 14—17 dagar þangað til þessir nýju maurar eru orðnir kynþroska og farnir að verpa eggjum. Sje nú kindin ekki böðuð aftur innan þess tíma að nýju eggin koma til sögunnar, heldur kindin áfram að vera kláðakind og lækningin hefir því ekki verið fólgin í öðru en að drepa þá maurkynslóð sëm var á kindinni fyrir baðið. Ef kindin aftur á móti er böðuð í annað sinn áður en ný egg koma, en þó ekki fyr en vissa er fyrir því að öll eggin, sem sluppu lifandi úr baðinu, eru unguð út, orðin að maurum, þá fæst nokkurnveginn full vissa fyrir því að kindin sje al-læknuð, ef bað og böðun hefir verið í lagi. En að eitt bað al-lækni kláða er jafn sennilegt og að ekki komi aftur vatn í brunn, sem einu sinni hefir verið þorausinn, án þess þó að tekið hafi verið fyrir upp-

sprettuna. Ef lækna á kláða, verður að taka fyrir »uppsprettuna«; egginn verður að drepa, en það er ekki gerlegt öðru vísi en með því að biða eftir því að þau ungist út og drepa síðan alla ungu maurana áður en þeir komast til þroska.

Eitt kláðabað er því hreinasta kák eða öllu heldur fjarstæða og þetta mátti löggjöfunum 1903 vera kunnugt, því að þetta hefi jeg reynt að gera mönnum skiljanlegt síðan 1897 og sjerstaklega tók jeg það skýrt fram í Ísafold 20. júní 1903, rjett fyrir kláðaútrýmingarþingið, þar sem jeg komst svo að orði: »Að fyrirskipa eitt bað á kláðafje, er kák, og að fyrirskipa eitt bað á fje, sem grunað er um kláða, er líka kák, því hafi kindin kláða, læknar eitt bað yfir höfuð ekki, en hafi hún ekki kláða, er kláðabað óþarft«. Og um þingtimann (Ísafold 19. ágúst 1903) segi jeg enn fremur: »Varlega skyldu menn treysta ofmikið á einföld böð á grunað fje og því síður kláðafje, því að þegar ekki er klipt áður, gæti farið svo að landið yrði að kosta 3 böðum á mikinn hluta fjárinns«. Ekki er það þó svo að skilja, að jeg teldi eitt bað og klipping nóg, heldur á þann veg, að hægt væri að *finna* kláðann, þegar hann kæmi fram á *kliptu* fje, og lækna hann, en það er nær ógerningur þegar um fje er að ræða, sem baðað hefir verið í ullu, því að eftir baðið hleypur ullin oft í þá þófabendu, sem nær ómögulegt er að þreifa í gegnum.

Herra Myklestad gekk inn á það að minsta kosti í orði kveðnu, að tvenn böð þyrftu til þess að lækna kláða, enda var í reglum hans fyrirskipað að tvíbaða alt kláðafje. Jeg vona nú að allir kannist við að *tvíböðun* sje eigi að eins nauðsynleg við kláðafje heldur einnig við alt fje, sem grunað er um kláða. Að því mun ekki þurfa að eyða fleiri orðum. En það er eitt atriði viðvikjandi tvíböðuninni, sem nauðsynlegt er að athuga nánar, sem sje tímabil það, sem þarf að liða á milli baðanna, og það því fremur sem hr. Myklestad virðist ekki hafa hatt hugmynd um þýðingu þess.

En eins og áður er sagt á millibilið ekki að vera styttra en svo, að maurar geti verið skriðnir úr öllum þeim eggjum, sem lifandi voru á kindinni eftir fyrri böðunina og ekki lengra en svo, að þessir maurar geti ekki verið farnir að verpa eggjum, þegar síðari böðunin fer fram. Tímabilið milli baðanna má ekki vera styttra en 7 dagar og ekki lengra en $(4+14) = 18$ dagar, samkvæmt því sem áður er sagt um ungun og þroskun mauranna. Í Danmörku og Þýskalandi, er »vikutími« eða »8 dagar« látnir liða og svo mun vera víðar. En í rauninni virðist það vera full-stuttur tími, enda ekkert að óttast, þó lengra liði, þar sem svo langt um liður þangað til ungu maurarnir geta farið að verpa eggjum. Auk þess er ungun og þroskatími mauranna miðaður við það, sem fundist hefir við tilraunir á heilbrigðum maurum í góðum kringumstæðum, og er ekki ólíklegt að egg og maurar sjeu nokkru seinni til á baðaðri kind, þar sem nokkuð af baðeitrinu helst í ullinni og hlýtur að hafa illar verkanir á mauraungviðin. Sjeð hefi jeg þessu haldið fram af enskum dýralæknum, enda er það tekið fram í flestum enskum böðunarreglum, að tímabilið milli kláðabaðanna skuli vera 15 eða jafnvel 18 dagar. Það þykir mjer samt óþarflega langt og hygg jeg heppilegast að tímabilið sje 12 dagar eða meðaltal af 7 og 18, stysta og lengsta tímamarkinu. Þá ættu *öll* egg að vera unguð, en þó *enginn* unginn orðinn tímgunarfær.

Eftir því sem jeg fæ skilið tók hr. Myklestad lítið eða ekkert tillit til mauraeggjanna, enda taldi hann þau ljettdræp. Þar á móti hugði hann maur-

ana afarlífseiga, ef reynt væri að drepa þá á kindinni með tóbaki. Utan kindar og tóbakslausir átti þeim þó ekki að vera lífvænt nema nema 6 daga! Í leiðbeiningum hr. M. um útrýming fjárkláðans segir hann, að kláðafje skuli baðað í annað sinn eftir 4–5 daga, og í einum leiðavisinum, sem gefinn er út á Akureyri 1904, á tímabilið milli baðanna að vera að eins 1–4 dagar. Í hverjum tilgangi hann telur nauðsynlegt að baða kláðafje hvorn daginn eftir annan, er mjer með öllu óskiljanlegt, en ekki getur slík aðferð verið miðuð við mauraegginn og varla heldur hin, þar sem 4–5 dagar eru látnir líða milli baðanna. Þegar tímabilið er haft svona stutt, verður þýðing seinna baðsins lítil eða engin og útkoman því í raun og veru sama og þegar að eins er baðað einu kláðabaði: kák.

Um meðferð á sauðfje eftir böðun farast hr. Myklestad þannig orð: »Fjárkláðamaurar, sem valda kláðasýkinni á sauðafjenu, eru svo lífsegir, að það er eigi víst að þeir drepist allir við böðunina, en ef baðlögurinn er í ull sauðkindarinnar 10–14 daga, þá drepast þeir.

Þess vegna á að halda öllu sauðfje, sem baðað hefir verið, 8 daga inni í fjárhúsunum efir baðið og gæta þess að sauðfjeð vökni eigi. Eftir 8 daga má fara að láta sauðfjeð út, en það verður enn að gæta þess í fulla viku, að sauðkindurnar komi eigi út í regn eða snjóhrið eða sjeu reknar í bleytu eða snjó«.

Eftir þessu að dæma eru maurarnir svo lífsegir, að 10 mínútna vist niðri í 5% tóbakslegi er þeim ekki nóg; til þess að vissa sje fyrir því að þeir drepist, þarf baðlögurinn að verka á þá í 10–14 daga. Og þó á tóbakið að vera best allra baðlyfja. Vegna þessara lífseigju mauranna á svo 8–16 daga innistaðan að vera nauðsynleg.

Jeg verð nú að segja það, að ef 10 mínútna ídýfing í 5% tóbaksseyði, að viðbættum þeim tíma, sem kindin helst blaut í húsi fullu af rennvotu fje, hefir ekki verið nægileg til þess að drepa kláðamaurana, þá hefir tóksksbað hr. Myklestads verið alt annað en gott kláðabað. Því að ekki lifir maurinn svo lengi í almennilegu baði. En ef baðið hefir verið gott, sem jeg reyndar hefi ekki neina ástæðu til að vefengja, þá er það víst, að þessi *langa* innistaða hefir verið óþörf til þess að drepa þá maura, sem á kindinni voru, þegar baðað var.

En þar með vil jeg þó ekki segja að *langa* innistaðan hafi, eins og á stóð, verið öldungis þýðingarlaus, þótt hún hafi verið það af því leyti, sem hr. Myklestad ætlaði henni að gera gagn. Hún gat auðvitað ekki drepit þá maura betur, sem drepnir voru í baðinu, en hún gat haft mikil áhrif á mauraegginn eða rjettara sagt ungu maurana, er þeir skriðu úr eggjunum. Eina skynsamlega hugsunin með þessari lögu innistöðu er sú, að hún gæti komið í stað seinna baðsins, og hafi það yfir höfuð tekist að lækna nokkra kláðakind til fulls með einu baði eða tvennum með 1–5 daga millibili, þá verð jeg að álita, að það sje þessari innistöðu að þakka. Í stað seinna baðsins *gat* hún komið á þann hátt, að fyrir hana hjeldist fjeð vott þann tíma, sem egginn á fjenu þurfu til að ungest út, svo að unga maurarnir dræpust jafnóðum og þeir skriðu úr eggjunum.

Hinsvegar eru ekki miklar líkur til þess að baðið haldist svo lengi og vel í ullinni, að það geti drepit alla mauraungana, er þeir koma til sögunnar

og sist af öllu getur innistaðan veitt neitt svipaða tryggingu og tvenn böð með hæfilegu millibili. Og vildu menn rjettlæta þessa aðferð með því að telja henni það til ágætis, að hún sje ódýrari en tvö böð, þá hygg jeg það vera hina mestu fjarstæðu, enda þótt gengið sje út frá því, að baðið sje tóbaksbað, sem mun vera langdýrast af öllum venjulegum kláðaböðum. Menn mega ekki gleyma því, að innistaðan kostar fjáreigendur talsvert fje, einkum þegar baðað er að haustinu, meðan nægir eru hagar. Geri maður að kindin til jafnaðar þurfi 2 pd. af heyi á dag og pundið kosti 2 aura, þá kostar innigjöfin 4 aura á hverja kind um daginn eða 32—64 aura í 8—16 daga, og munar það því ekki litlu, hvað innistaðan verður dýrari en baðið, þótt það kosti 15 aura eða rúmlega það. En auk þess gæti farið svo, að innigjöfin yrði miklum mun dýrari og það jafnvel svo, að ekki yrði metin til peninga, ef fjáreigendur væru illa heyr- aðir og lentu fyrir innistöðuna í heyprotum að vorinu til. — Jeg er ekki í neinum efa um það, að bændur hefðu kosið þann kostinn 1903—1905, að borga úr eigin vösum annað baðið, ef þeir með því hefðu getað sloppið við að gefa fjenu inni í 8—16 daga; og þá ekki síður, ef þeim hefði líka verið ljóst, að innistaðan gat ekki gert neitt gagn í samanburði við annað bað eftir hæfilegan tíma.

Jeg hefi sjeð þess getið til nú á seinni árum, að hr. Myklestad hafi hugsað sjer að láta innistöðuna koma í stað seinna baðsins — slikt vakti þó ekki fyrir honum; innistöðuna ákvað hann að eins með tilliti til lífseigju maur- anna — og að hann hafi gert það til þess að spara landssjóðnum útgjöld. Þetta hafa menn svo viljað virða honum til hróss. Víst er það líka hrósvært að fara sparlega með landsfje, og að hr. Myklestad hafi viljað vera sparsamur efar víst enginn, en missikilin sparsemi er jafnan hin versta eyðslusemi og svo var í þessu atriði, því að þannig löguð sparsemi á landssjóðsfje leiddi eigi að eins til þess, að óþarflega miklu var eytt úr vösum fjáreigenda, heldur gerði það einnig að verkum, að árangrinum af öllum útgjöldunum var teft í hina örgustu tvisýnu og er þá vægt tekið til orða.

Ein af syndum hr. Myklestads var valið á baðefninu. Hann mátti ekki heyra annað bað nefnt en tóbaksbað; og þó er það eitthvert dýrasta baðið, erfitt afnota og alls ekki betra en mörg önnur böð til að lækna kláða.

Um það leyti sem hr. Myklestad byrjaði að fást við kláða, laust eftir 1860, þektu menn tiltölulega fá góð kláðaböð. Þá var tóbakið talið einna besta baðlyfið. En síðan hefir fundist hinn mesti sægur af baðlyfjum, og gefa mörg þeirra tóbaki alls ekkert eftir í verkunum á kláðamaurinn, en eru miklum mun ódýrari og auðveldari í meðförum. Hr. Myklestad hafði ekki fylgst með í þessu efni og árið 1903 stóð hann í sömu sporum og hann var árið 1863. En margt hefir breyst á styttri tíma, og óvarlegt er að ganga að því vísu, að það sem þótti best fyrir hálfri öld, sje enn í raun og veru öllu öðru betra, hvernig sem á það er litið.

Eg skal játa það, að 5% tóbaksseyði getur verið fullgott baðlyf, ef tóbakið er gott, eða rjettara sagt, inniheldur mikið af tóbakseitri. En sá er gallinn á tóbakinu eins og öðrn plöntum, sem þurkaðar eru og geymdar (sbr. hey), að það getur látið sig við geymsluna, og rýrst getur það á ýmsan annan hátt, án þess að á því sjái. Maður getur hæglega »keypt köttinn í sekn- um«, þegar um tóbaksblöð er að ræða, og þótt varan sje góð um það leyti

sem hún er keypt, getur hún spilst áður mann varir. Þess vegna kjósa menn nú heldur niðursoðna tóbakssósu, sem hefir fastákveðið innihald af tóbakseitri og haldist getur óbreytt; þar verður hæglega vitað, hvað haft er milli handa.

Stór galli er það á tóbakinu til baða, hve dýrt það er. Eftir því sem mjer hefir verið sagt, þurfti 30 pund af tóbaki í hvert hundrað fjár. Hvert pund kostaði landssjóð 50 aura og hefir því farið tóbak fyrir 15 aura á hverja kind einbaðaða. Með þessu lagi hefir þó að eins farið á kindina 3 pottar af baðlegi og er það líklega fulllitið. Auk innkaupsverðs tóbaksins kemur svo kostnaður við suðuna, sem hlýtur að nema töluverðu, þegar tekið er tillit til eir-pottanna, eldiviðar o. fl.

Fyrir þessa upphæð — 15 aura — má tvíbaða kindina úr öðrum baðefnum jafngóðum eða betri en tóbaki og ef til vill þríbaða, og er þá aukakostnaðinum við suðu tóbaksins alveg slept.

Herra Myklestad hefir ekki verið heppinn eða sparsamur þegar hann valdi tóbakið.

III.

Eins og jeg gat um í byrjun þessarar greinar, munu flestir þeirrar skoðunar, að ekki sje vansalaust nje gerlegt, að láta lenda við þau málalok, sem nú eru; enda er það auðvitað, að þing og stjórn geta ekki kipt að sjer höndum og hætt að skifta sjer af kláðanum. Kláðann verður að yfirvinna og allar ráðstafanir hins opinbera eiga að miða að því, að útrýma honum úr landinu.

Eins og lög standa til (8. nóv. 1901) hvilir sú skylda á landssjóði, að leggja til ókeypis baðlyf, þegar hið opinbera fyrirskipar kláðabaðanir. Ákvæði þetta er ágætt ef vel er áhaldið, en getur orðið hið versta átumein landssjóðs, ef það er óviturlega notað. Það má ekki nota það að *neinu ráði* nema þegar gerð er gagnger atлага til útrúmingar kláðanum. Jeg verð beinlinis að telja það óforsvaranlega meðferð á landssjóðsfje, ef hjer eftir yrði haldið áfram þeim uppteknum hætti, að lögskipa baðanir á svæði og svæði, einni eða tveim sýslum á ári, þegar það er orðið fullvist, að kláðinn er svo að segja í öllum sýslum landsins. Slíkar fyrirskipanir kosta auðvitað stórfje, en koma alls ekki að tilætludum notum, því að kláðinn berst hæglega á næsta vori eða sumri inn í sýsluna aftur, svo að óhjákvæmilegt yrði að baða þar aftur á ný að einu eða fám árum liðnum. Yrðu útgjöld landssjóðs til þannig lagaðra kláðaráðstafana að öllum líkindum óendanlega mikil og það þótt baðað væri tveim böðum. Það þýðir lítið að lækna og útrýma kláða í einni og einni sýslu í einu, þegar ekki verður sjeð fyrir því, að hann berist ekki þangað aftur jafnharðan. En út yfir tekur, ef ekki yrði úr þess hætt að fyrirskipa *einjöld kláðaböð*, hvort heldur er á litlu svæði eða öllu landinu í einu, því að þótt slíkar ráðstafanir sjeu stílaðar gegn kláðanum, þá eru þær þó i raun og veru honum óviðkomandi, og þegar lítið er til þess, að lögín frá 8. nóv. 1901 eru eingöngu stíluð gegn fjárkláðanum, verð jeg að álíta það beint lagabrot (brot gegn anda laganna), að borga fje úr landssjóði fyrir baðanir, sem hvorki miða að því að lækna kláðann nje útrýma honum. Það hefir aldrei verið ætlast til þess að landssjóður borgaði *þrifaböð* fyrir bændur, en eitt einstakt bað getur verið þrifabað, en er aldrei fulltrygt til þess að lækna kláða. Fyrirskipi hið

opinbera hjer eftir þaðanir samkvæmt áður nefndum lögum og leggi til það-efni fyrir landsfje, þá verður það að lögskipa tvennar þaðanir (*kláðabað*); annars verður að álita sem stjórnin hafi gefið viðkomandi bændum fje til þrifa- baðs, og ætti það að vera landssjóði óviðkomandi.

Þegar tilrætt hefir verið um það, hverra ráða Alþingi nú ætti að leita til að vinna á fjárkláðanum, hefi jeg heyrt oft, og marga merka menn halda því fram, að eina ráðið muni vera það, að samin sjeu ný kláðalög, sem fyrir- skipi eitt árlegt það um land alt í næstu 5—10 ár.

Jeg skal nú strax geta þess, að jeg hefi síður en svo neitt á móti því, að hjer á landi sem nær allstaðar annarstaðar komist sú regla á, að alt sauð- fje sje þaðan þrifað á hverju ári, enda er jeg þeirrar trúar, að svo verði áður langt um líður, því að alment eru menn að verða betur og betur sann- færðir um það, að slík þrifað sjeu eigi aðeins sjálfsögð skepnanna vegna, heldur gefi þau lika svo mikinn beinan og óbeinan arð, að kostnaður við þaðið fáist margborgaður aftur í aukinni og betri ull og bættum þrifum. Jafnskjótt og bóndinn er kominn að þeim sannindum, að hann beint græði á þrifað, og þau sannindi eru nú orðið eign alls þorra þeirra, þá mun síst þurfa að þröngva þeim með lagarefsingum til þess að vinna að sínum eigin hag. Og þegar það er orðið almenningsálit, að sjálfsagt sje að þrifa skepnur sinar ár- lega, þá verða þeir ekki margir, sem brjóta móti því. Þrifað eiga að verða og hljóta að verða almenn, en jeg tel ekki standa á sama, á hvern hátt þau verða það, hvort þau hvila á sannfæringu innan að og neðan að eða þau eiga að berast upp af lagaboðum utan að, og ofan að. Frá mínu sjónarmiði geta lög um þrifað, *nú orðið að minsta kosti*, tæplega talist sæmileg eða heppileg.

Alt öðru máli skiftir, þegar ræða er um óvanalegar ráðstafanir líkar þeim, sem gera þarf um fjárkláða, þar sem alt er undir því komið, að fram- kvæmdirnar fari allstaðar fram með ákveðnu samræmi og eftir ákveðnum reglum. Þar þurfa lög. —

En ekki er það nú samt tilætlun þeirra, sem hafa vilja eitt árlegt það um land alt, að þingið gefi út lög um þrifað; það er í rauninni ekki svo vel. Þeir vilja láta kalla lögin kláðalög og ætla þeim að vera til útrýmingar kláðanum, en að efni eiga þau að vera »óþrifalög« og samkvæmt hlutarins eðli með öllu óhæf til þess að lækna eða útrýma kláðanum. Stefnan virðist vera sú, að vilja innleiða aftur farganið frá 1903, en gera það nú 5 til 10 sinn- um átakanlegra.

Jeg vona að úr þessu hætti allir skynsamir menn að trássast gegn þess- ari staðreynd, að til lækningar kláða þarf tvíþöð með hæfilega, minst 7 daga og mest 18 daga, millibili og þá ætti það að vera ljóst, að kláðanum verður ekki útrýmt með 5 eða 10 eða 100 böðum með *ármillibili*. Með þeirri að- ferð má halda honum í skefjum, en ekki útrýma. —

Ef þingið, mót von minni, tæki upp það ráð, að lögskipa árlega ein- faldar þaðanir, verð jeg að líta svo á sem það sje öldungis það sama og að gefast upp við kláðann, og ekki bætti það úr skák, þótt slíkt kák yrði nefnt í fyrirsögninni . . . »til útrýmingar fjárkláðanum«!

Það virðist þó ekki sæmilegt að gefast upp við kláðann *áður en einn sinni hefir verið gerð tilraun á víti byggð til þess að lækna hann og rýma hon- um út*. Hingað til hafa allar ráðstafanir verið kák og það eitt er orðið ljóst

að kláðinn lætur ekki undan káki og lagar sig ekkert eftir hugsanavillum lög-gjafanna eða annara. Og ef menn eru alment þeirrar skoðunar að gripa beri til árlegu baðanna, »til útrýmingar fjárkláðanum«, ráðstafana, sem hljóta, þegar árin liða, að kosta of fjár, hvað munar þá um að láta tvíböðun fara fram fyrsta árið, sem aðeins hefði 30—40 þús. króna aukakostnað í för með sjer. Meira mun baðefni í eitt bað á alt fje á landinu alls ekki þurfa að kosta.

Það er nú mín tillaga, að gerð sje næsta vetur gagnger tilraun til útrýmingar fjárkláðanum, hin fyrsta reglulega tilraun, á þann hátt að baðað sje alt fje á landinu *tvennum* böðum með c. 12 daga millibili, og mun stjórnin nú leggja fyrir þingið frumvarp til laga um útrýming fjárkláðans, sem í öllum verulegum atriðum er í samræmi við það, er jeg hefi lagt til við stjórnina og nánar eru beint og óbeint færðar ástæður fyrir hjer að framan.

Annað aðalatriðið í útrýming fjárkláðans, og auðvitað hið verulega, er lækning fjárins. Hitt atriðið, að koma í veg fyrir, að maur skriði á baðaða fjeð eftir baðið, er heldur ekki óverulegt, og skal nú farið nokkrum orðum um það. Maur getur skriðið á fjeð 1) af öðru fje 2) úr högunum og 3) úr húsunum.

Yfirleitt er fyrsti sýkingarmátinn, að fjeð sýkist af kláðafje, lang tíðastur, en hjer hagar svo til að vetrinum, að slíkt er hægt að forðast, enda má haga böðunum með tilliti til þessa. Annan sýkingarmátann þarf naumast að óttast, þegar alt fje er baðað um háveturinn. Hinn þriðji — húsin — er sá, sem erfiðastur er viðfangs. Eins og áður er getið, getur kláðamaurinn lifað lengi utan kindar og því *getur* hann líka lifað lengi í húsunum. Þess vegna þarf *altaf* að hreinsa húsin áður en böðuðu fje er slept inn í þau, sópa vandlega út öllu rusli (af veggjum, stöðum, garða o. fl.) og moka út að minsta kosti 2 þuml. þykku lagi af taðinu. Þegar svo fjenu er slept inn rennvotu úr baðinu, blotnar húsið innan og sótthreinsast ennfremur við það. Þannig lagada sótthreinsun verð jeg að álíta nægilega, þar sem lítil brögð eru að kláða. Sjeu mikil brögð að honum, má sótthreinsa húsin enn betur með baðleginum, þvo úr honum alt grunsamt trjeverk, stoðir og garðabönd, og bleyta vel veggj.

Annars verð jeg að segja það, að eins og kláðinn hagar sjer hjer nú orðið yfirleitt, er jeg ekki svo mjög hræddur við sýkingu úr húsunum, sist um það leyti árs, þegar ætlast er til að böðun fari fram. Eins og mönnum er kunnugt, er kláðamaurinn mjög elskur að hitanum og því heldur hann sig mest inn að húðinni og er helst á þeim stöðum, sem loðnastir eru og hlýastir. Þegar kalt er í húsunum — en svo á *altaf* að vera í fjárhúsum — og fje er í alullu, flytur hann sig ekki mikið af einni kind á aðra. Jeg þekki mörg dæmi þess, að kláðakind hefir verið með öðru fje í húsi marga mánuði án þess að nokkur önnur kind fengi kláða, svo sýnilegt væri. Og þegar svo er, að maurinn skriður ekki ákafar á *fjeð*, er lítil ástæða til að ætla, að hann skriði svo mjög í húsin. Hættan er mest við það, að kláðakindin nuggar sjer upp við garða og veggj og getur þá losnað af henni smálagðar, sem maur er í, og því er það svo afaráriðandi að hreinsa slíkt vel burtu. Öðru máli skiftir, þegar kláðakind er tekin úr ullu; þá skriða maurarnir oft af henni vegna kuldans og sækja mjög á ullað fje, og þá er einnig mjög hætt við að húsin

sjálf fari ekki varhluta. Sama er auðvitað að segja, þegar í húsinu eru mjög útsteyptar kindur, þótt í ullu sje.

Að jeg er ekki svo hræddur við húsin og tel sóttthreinsun þá, sem jeg nefndi, í flestum tilfellum nægilega, þótt í rauninni sje hún ekki svo gagnger sem æskilegast væri og tryggilegast, kemur aðallega af því, að það er skoðun mín, að kláðinn sje nú *yfirleitt* tiltölulega vægur hjer á landi, og býst jeg við að allir þeir, sem muna gamla kláðann, sjeu mjer samdóma í því. Jeg neita því þó ekki, að í einstökum tilfellum geti hann jafnvel verið svo skæður, að kindur drepist úr honum, ef ekkert er að gert, en það munu flestir, sem til þekkja, játa að er mjög sjaldgæft og miklu sjaldgæfara en hitt er titt, að kláðinn sje svo vægur, að hann leynist mánuðum saman og jafnvel ár á sömu kindinni.

Um þetta hafa gefist mörg dæmi, sjerstaklega nú á seinni árum. Og þeim mun vægari sem kláðinn er, því auðveldara er að útrýma honum, meðal annars og einkum vegna þess, að þá eru húsin ekki eins hættuleg.

Heppilegasta tíma til baðananna tel jeg vera desember og janúar, enda mun þá alt fje komið að, sem á annað borð heimtist. Þá er fje oft í húsum á gjöf og er æskilegast að saman fari innistaða vegna tíðarfars og innistaða eftir baðið, því að ekki verður hjá því komist að halda fjenu inni fyrstu dagana eftir baðið, og er það bæði vegna baðsins og þó einkum vegna fjárins sjálfs. Þá er og að mínu áliti minstar likur til að maur sje að nokkru ráði í húsunum annarstaðar en á fjenu sjálfu; og þá þarf, eins og áður er getið, sist að óttast hagana eða að fje fái maur á sig utan húss og samgang fjár er þá hægast að forðast.

Að því er kostnaðarhliðina áhrærir, skal jeg ekki fjölyrða, en að eins geta þess, að jeg hefi lagt til að landssjóður útvegi og leggi út fyrir baðlyfið, en fjáreigendur endurgjaldi síðan landssjóði, hver að tiltölu við fjáreign sína.